



Ríkisreikningur - jákvæð niðurstaða í rekstri ríkissjóðs 2014

Fjársýsla ríkisins hefur nú birt ríkisreikning fyrir árið 2014. Þar með er komin lokaniðurstaða fyrir rekstur og efnahag ríkissjóðs á síðasta ári. Niðurstaðan er betri en reiknað var með, 46ma. kr. afgangur, fyrst og fremst vegna óreglulegra liða.

Markmið stjórnvalda sem sett voru 2009 um að ná tókum á ríkisfjármálum gengu lengi ekki nógu vel eftir, en eitthvað er að rofa til í þeim efnunum.

Sveiflukennd leið frá fjárlögum til lokaniðurstöðu


Ferillinn frá fjárlagafrumvarpi til endanlegrar niðurstöðu fyrir árið 2014 var mjög sveiflukenndur. Í frumvarpi var lagt af stað með 0,5 ma.kr. afgang, sem hækkaði upp í 0,9 ma. kr. við samþykkt frumvarpsins. Við samþykkt fjárukalaga sl. vetur varð alger kúvending, en þau voru samþykkt með 43 ma.kr. afgangi. Niðurstaðan í ríkisreikningi er svo um 3. ma.kr. betri en í fjárukalögum. Mikill umsnúningur í fjárukalögum ársins 2014 kom til vegna óreglulegra tekjufærslna, svo sem arðgreiðslna frá viðskiptabönkunum umfram áætlanir og einskiptis tekjufærslu vegna lækkunar á skuldabréfi ríkissjóðs við Seðlabankann.

Á síðustu árum hefur niðurstaða fjárukalaga yfirleitt sýnt verri afkomu en fjárlög þannig að hér er um töliverðan viðsnúning að ræða. Tekjur ríkisins hækkuðu um rúm 16% og útgjöld um 8,5% milli árana 2013 og 2014 sem að mestu leyti er raunaukning þar sem verðbólga var einungis 2% á tímabilinu. Stórauknum einskiptistekjum var því að verulegu leyti varið til aukinna útgjalda í stað þess að grynna á skuldum eins og brýn þörf er á.

Skuldir hækka í krónum talið


Skuldastaða ríkissjóðs var orðin vel ásættanleg á árunum fyrir 2008, en á árunum þar á eftir jukust skuldir ríkisins mikið. Heildarskuldir ríkisins eins og þær birtast í efnahagsreikningi voru um síðustu áramót rúmir 2000 ma. kr., þar af voru lífeyrisskuldbindingar um 435 ma.kr. Skuldastaðan að nafnvirði hækkaði því dálítið milli ára.

Ferill tekjufafnaðar ríkissjóðs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skuldir ríkissjóðs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



... en lækka sem hlutfall af VLF

Raunvirði skulda ríkissjóðs lækkaði eilítið á árinu 2014 og sama má segja um hlutfall skuldanna af vergri landsframleiðslu. Það hlutfall var yfir 117% á árinu 2011, en lækkaði niður í 115% á árinu 2012. Á þann mælikvarða hafa skuldirnar svo lækkað niður í u.þ.b. 102% á árinu 2014 sem er áfram skref í rétta átt. Þetta hlutfall er engu að síður mjög hátt í sögulegu samhengi, og einnig í samanburði við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við.

Skuldastaða hins opinbera (ríki og sveitarfélög) á Íslandi er reyndar ekki verri en víða annars staðar. Opinberar skuldir hinna Norðurlandanna eru þó almennt vel undir 50% af landsframleiðslu. Því hefur verið spáð að opinberar skuldir á Íslandi muni lækka á næstu árum, og því til viðbótar má reikna með að stöðugleikaskattar eða stöðugleikaframlög geti lækkað skuldir enn frekar ef vel er á haldið.

Mikil vaxtabyrði vegna skulda


Greiðslubyrði vegna vaxta hefur verið verulega íþyngjandi fyrir ríkissjóð síðustu ár þrátt fyrir að fjármögnunarkjör á markaði hafi verið tiltölulega hagstæð. Vaxtabyrði nam undir 5% af tekjum ríkissjóðs á árunum fyrir hrun, en var um 13% 2013 og fór niður í 11,4% 2014. Eins og áður segir er erfitt að nota tekjur ríkisins til viðmiðunar vegna mikils vægis óreglulegra liða. Sé vaxtakostnaðurinn miðaður við landsframleiðslu sést að staðan hefur verið nokkuð stöðug síðustu ár.

Vaxtakostnaður ársins 2014 var rúmir 78 ma.kr. Til samanburðar má benda á að í fjárlögum ársins 2015 er gert ráð fyrir að rekstur Landspítalans kosti um 48 ma.kr. Vaxtakostnaður ársins 2014 var því um rúmlega 60% hærri en rekstrarkostnaður spítalans.

Þróunin á réttri leið


Ríkisfjármálin hafa einkennst töluvert af stórum óreglulegum liðum og einskiptisliðum á síðustu árum sem hefur gert erfðara en ella að skoða hina raunverulegu rekstrarmynd. Í ljósi mikilla tekna vegna afnáms fjármagnshafta má ætla að þetta verði reyndin áfram, t.d. hefur verið bent á að mögulega megi lækka vaxtabyrði ríkissjóðs um 35 ma.kr. með niðurgreiðslum skulda sem koma til vegna skatttekna af afnámi hafta.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF




Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skuldir hins opinbera, hlutfall af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs á verðlagi hvers árs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.